

# Vinnuskóli Skagastrandar

---

## Vinnuskólinn.

Vinnuskóli Skagastrandar er fyrir nemendur sem hafa nýlokið 8., 9. og 10. bekk Höfðaskóla. Markmið vinnuskóla er að gefa unglingum kost á samspili vinnu, þjálfunar og fræðslu í sumarleyfi sínu. Vinnuskóli Skagastrandar er starfræktur í 10 vikur:

**Hann hefst 3. júní og lýkur 9.ágúst.**

## Vinnutími

Daglegur vinnutími 10. bekkjar er frá 08:30-12 og 13-16 mánudaga til fimmtudaga en á föstudögum til 12:00. Daglegur vinnutími 8. og 9. bekkja er frá 08:30-12 og 13-16 mánudaga til fimmtudaga ekki er unnið á föstudögum.

## Laun

Laun eru greidd út hálfsmánaðarlega

Nemendur 10. bekkjar þurfa að skila skattkorti og greiða félagsgjöld og lífeyrissjóð.

Iðgjöld reiknast frá næstu mánaðarmótum eftir 16 ára afmælisdag.

- Nemendur 10. bekkjar 578 kr./klst.
- Nemendur 9. bekkjar 481 kr./klst.
- Nemendur 8. bekkjar 417 kr./klst.

Laun eru lögð inn á bankareikning sem verður að vera á nafni og kennitölu viðkomandi unglings. Nemendur vinnuskóla eru tryggðir launþegatryggingu sem tryggir þá í vinnu og á beinni leið til og frá vinnu.

## Starfsreglur

Reglur Vinnuskólans eru einfaldar og skýrar.

- Mæta skal á réttum tíma á réttum stað.
- Sýna skal flokkstjórum kurteisi sem og öllum öðrum.
- Einelti er ekki liðið.
- Reykingar eru stranglega bannaðar.
- Símar eru ekki bannaðir en ætlast er til að notkun sé í hófi.

## Fatnaður

Nemendur Vinnuskóla skulu leggja sér til allan vinnufatnað en Vinnuskólinn leggur til Öryggisvesti á ALLA og aðrar persónuhlífar þar sem við á. Öllum er ráðlagt að merkja fatnað, skó og stígvél.

Engin ábyrgð er tekin á fötum eða öðrum hlutum sem nemendur taka með sér á vinnustað.

**Brot á starfsreglum Vinnuskólans getur þýtt brottvísun að undangenginni áminningu.**

## Símar Vinnuskólans

Áhaldahús: 4522607

Flokksstjóri: 8661582

Netfang Vinnuskólans er [ahaldahus@skagastrond.is](mailto:ahaldahus@skagastrond.is)

Árni Geir: 8614267